

**Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík**

Sent með tölvupósti á: nefndasvid@althing.is

Reykjavík, 15. mars, 2023

Efni: frumvarp til laga um umferðarlög (lækkun hámarkshraða), 162. mál

Stjórn Landverndar tekur heilshugar undir greinagerð með ofangreindu lagafrumvarpi og styður samþykkt þess. Það er sérlega mikilvægt fyrir lýðheilsu þar sem það myndi draga úr loftmengun í þéttbýli, auka öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda og auka líkur á því að fleiri gangi og hjóli.

Þá skiptir minni hraði miklu máli fyrir það að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á hvern ekinn kílómetra á bílum sem brenna jarðefnaeldsneyti og því stuðlar frumvarpið að því að markmið um samdrátt í losun frá vegasamgöngum náist í samræmi við aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum frá 2020. Mikilvægt er að grípa til sem flestra aðgerða til að draga úr losun og lækkun hámarkshraða er ein af þessum aðgerðum.

*Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Landverndar*

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri